

Samþykki um upplýsingaöflun vegna breytingu á samningi skv. VII. kafla laga nr. 101/2010.

Með samþykki þessu er umboðsmanni skuldara veitt heimild til að afla upplýsinga um tekjur, gjöld, eignir, skuldir, ábyrgðarskuldbindingar, framfærslu- og húsnæðiskostnað, frá öllum þeim aðilum sem geta veitt framangreindar upplýsingar. Með vísun í tekjur, er átt við hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, t.a.m. bætur, styrkir, lífeyrisgreiðslur, meðlagsgreiðslur og opinber fjárhagsaðstoð. Þá er umboðsmanni skuldara veitt heimild til að afla upplýsinga um veltu á bankareikningum umsækjanda til að sem skýrust mynd fáiast um tekjur. Í framangreindri heimild felst jafnframt samþykki fyrir að embættið óski eftir nýjum skattframtölum frá Ríkisskattstjóra sem talin hafa verið fram eftir að samningur um greiðsluaðlögun tók gildi. Embættið getur kallað eftir upplýsingum með rafrænum hætti frá öllum þeim aðilum sem embættið hefur vefþjónustu við. Um er að ræða Tryggingastofnun, Ríkisskattstjóra, Lánasjóð Íslenskra námsmanna, Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankann og Íbúðalánasjóð. Þá geta skrifleg erindi verið send til Tollstjóra, Motus sem og eftir atvikum til annarra aðila sem ráða má af umsókn, skattframtölum og viðtali við umsækjanda, að geta veitt framangreindar upplýsingar. Samþykki þessu er framvísað þegar upplýsinga er aflað með skriflegum erindum.

Á grundvelli samþykkisins hefur embættið heimild til að afla upplýsinga frá Creditinfo um færslur á vanskilaskrá, eignarhald í félögum, hlutafélagabátttöku og eignir umsækjanda.

Með samþykki þessu felst jafnframt heimild til að fá upplýsingar úr Þjóðskrá um lögheimili, þ. á m. lögheimilissöguvottorð, hjúskaparstöðu og heimilismenn umsækjanda.

Ef þörf krefur er upplýsinga jafnframt aflað úr fyrri stjórnsýslumálum hjá embættinu.

Umboðsmaður skuldara aflar framangreindra upplýsinga til þess að geta aðstoðað skuldara við undirbúning tillögu hans að breytingu á samningi um greiðsluaðlögun, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 101/2010 og til þess að geta tekið ákvörðun um afgreiðslu kröfu um breytingu á samningi um greiðsluaðlögun, sbr. 24. og 26. gr. laga nr. 101/2010. Umboðsmanni skuldara ber að hafna breytingu ef hann telur hana vera ósanngjarna eða óhæfilega.

Upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að upplýsingarnar séu nauðsynlegar vegna úrvinnslu málsins hjá embættinu og að fylgt sé ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Samþykki þetta gildir á meðan mál undirritaðs er til meðferðar á grundvelli VII. kafla laga nr. 101/2010. Vakin skal athygli á því að berist umboðsmanni skuldara krafa um breytingu á samningi er ákvörðun tekin um samþykki eða synjun kröfunnar innan mánaðar frá því að hún berst. Undirritaður getur afturkallað samþykki þetta hvenær sem er á framangreindu tímabili. Afturköllun felur í sér að embættið stöðvar alla vinnslu persónuupplýsinga. Sé frekari vinnsla persónuupplýsinga nauðsynleg, þegar samþykki þetta er afturkallað, getur afturköllunin haft þau áhrif að stöðva þurfi vinnslu málsins, nema undirritaður veiti sjálfur embættinu áskildar upplýsingar innan áskilins frests.

Með undirskrift sinni staðfestir undirritaður að hafa kynnt sér hvað felst í samþykki þessu. Þá staðfestir undirritaður að vera samþykkur framangreindri gagnaöflun og þeirri vinnslu sem mun eiga sér stað.

Á vefsíðu embættisins er birt persónuverndarstefna þar sem finna má allar nánari upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga og réttindi einstaklinga.

Staður, dagsetning

Undirskrift

Kennitala

Undirskrift

Kennitala

Þegar maki er ekki aðili að samningi um greiðsluáðlögun:

Með undirskrift sinni, heimilar maki umboðsmanni skuldara að afla nauðsynlegra skattframtala og upplýsinga um tekjur í gegnum vefþjónustu við Ríkisskattstjóra. Með vísun í tekjur, er átt við hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, t.a.m. bætur, styrkir, lífeyrisgreiðslur og opinber fjárhagsaðstoð.

Eftir atvikum getur verið nauðsynlegt að afla framangreindra upplýsinga við vinnslu breytingarmáls skv. VII kafla laga nr. 101/2010 þegar um er að ræða hjón eða samskattað fólk í óvígðri sambúð, vegna fjárhagslegra tengsla. Vakin skal athygli á því að ef sambúðarfólk er ekki samskattað, er ekki skilyrði að maki riti undir samþykki þetta.

Umboðsmaður skuldara gætir þess að fylgt sé ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og vekur athygli maka á framangreindum ákvæðum 18. gr. og 25. gr. þeirra laga. Samþykki maka gildir meðan mál umsækjanda er til vinnslu. Maki getur afturkallað samþykki sitt á öllum stigum máls og verður þá metið hvort það hafi áhrif á vinnslu máls hjá umsækjanda.

Með undirskrift sinni, staðfestir maki að vera samþykkur framangreindri gagnaöflun og þeirri vinnslu sem mun eiga sér stað.

Staður, dagsetning

Undirskrift maka

Kennitala